



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 18. janúar 2018 Ný persónuverndarlög og áhrif á störf endurskoðenda

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Hrafnkell Óskarsson og Ingi Tómasson, ráðgjafar hjá KPMG
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 18. janúar 2018 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Tvær endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun og 1 eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi
Verð:	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 26.000 fyrir aðra
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 10:00 - 18. janúar

Námskeiðslýsing:

Á árinu 2018 er áætlað að ný persónuverndarlöggjöf taki gildi á Íslandi þegar ný reglugerð Evrópusambandsins um persónuvernd (GDPR-reglugerðin) leysir af hólmi núgildandi Evrópulöggjöf. Hinar nýjar reglur leggja ýmsar nýjar skyldur á herðar þeim sem vinna með persónuupplýsingar á einhvern hátt. Á námskeiðinu verður farið yfir tilurð lagasetningarinnar og helstu breytingar sem hún hefur í för með sér. Jafnframt verður farið yfir hver helstu áhrif breytinganna verða á endurskoðunarferlið og störf endurskoðenda.

Leiðbeinendur:

Hrafnkell Óskarsson lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaranámi í Evrópurétti frá King's College London árið 2000. Hrafnkell er teymisstjóri persónuverndar hjá skatta- og lögfræðisviði KPMG.



Ingi Tómasson er viðskiptafræðingur frá HR og hefur CISA vottun ISACA í upplýsingaöryggi. Ingi er teymisstjóri upplýsingaöryggis og persónuverndar hjá ráðgjafarsviði KPMG.

